

5. gr.

Bæjarskrifstofa eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Blönduósi á samvinnu við heilbrigðisnefnd og geta leitað aðstoðar lögregluþyrvalda, þegar þörf krefur.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa til geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7. daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Sama gildir um aðra hunda sem handsamaðir eru innan bæjarmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum, allur kostnaður við töku og vörslu hundsins fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma samþykkt nr. 249/1974 um hundahald á Blönduósi.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal árið 1995 vera kr. 6.250. Gjaldþagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1995 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

- | | |
|---|------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku | kr. 7.000 |
| b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki | kr. 3.500 |
| c) Sumarhús | kr. 2.950 |
| d) Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku | kr. 7.000 |
| e) Fyrirtæki með gáma sem þau kosta að öllu leyti sjálf, eyðingargjald vegna þjónustu sorphauga | kr. 26.000 |
| Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda. | |

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.